# Ársskýrsla Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar 2008



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Ábyrgðarmaður: Guðrún Reykdal
Hönnun og umbrot: Næst
Prentun: Leturprent

Ársskýrsla
Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar
2008

# Efnisyfirlit

Ávarp sviðsstjóra ....4

Velferðarráð Reykjavíkurborgar ....6

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ....7

Hlutverk Velferðarsviðs ....9

Mannfjöldi í hverfum Reykjavíkurborgar ... 10

Helstu nýmæli .... 12

Chief Innovations .... 18

Þjónusta .... 24

Fjárhagsaðstoð .... 24

Húsnæðismál .... 29

Búsetuúrræði .... 36

Ráðgjöf .... 37

Barnavernd Reykjavíkur .... 39

Starfsemi fyrir börn og unglinga .... 43

Félagsstarf .... 46

Stuðningur við fólk í heimahúsum .... 47

Fjármál .... 54

Helstu lykiltölur 2007 og 2008 .... 55

# Ávarp sviðsstjóra

Ársins 2008 verður minnst sem árs mikilla umhleypinga. Í janúar urðu meirihlutaskipti í borginni en þá tók við nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks og F-lista. Í ágúst urðu síðan aftur meirihlutaskipti en þá tók við meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Á vormánuðum fór að bera á fyrstu vísbendingum um breytingar í efnahagslífinu eftir að krónan fór að falla og verðbólga að aukast. Um það leyti byrjuðu fyrirtæki að hagræða í rekstri með þeim afleiðingum að atvinnuleysi jókst. Í október hrundu svo bankarnir með alvarlegum afleiðingum. Í kjölfarið fór atvinnuleysi enn vaxandi og bera fór á aukinni eftirspurn eftir velferðarþjónustu. Hafist var handa við að aðlaga þjónustu sviðsins nýjum aðstæðum hratt og vel og mæta aukinni þjónustuþörf.

Strax í október var sett af stað sérstök aðgerðaáætlun Velferðarsviðs vegna aðstæðna í efnahagslífi Íslands þar sem helstu áherslur voru að efla ráðgjöf og bæta aðgengi að ráðgjafarþjónustu, efla upplýsingagjöf, auka samstarf aðila innan borgarinnar og utan, sér í lagi lykilaðila eins og félagsmálaráðuneytis og Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og kortleggja úrræði og tilboð sem fjölskyldum og heimilum stendur til boða í samfélaginu við ríkjandi aðstæður. Jafnframt var lögð áhersla á stuðning við starfsfólk sviðsins samhliða vaxandi álagi.

Samhliða þessum aðgerðum var ljóst að tekjur borgarinnar væru að dragast saman og myndu dragast enn frekar saman á árinu 2009. Á haustmánuðum lögðu starfsmenn því mikla vinnu í starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 m.t.t. nýrra aðstæðna.

Á árinu var unnið að mörgum mikilvægum verkefnum á Velferðarsviði sem nánar er fjallað um í ársskýrslunni en segja má að þau stærstu varði yfirtöku borgarinnar á verkefnum frá ríki.

Í ágúst skrifuðu borgarstjóri og félags- og tryggingamálaráðherra undir þjónustusamning um framkvæmd á hluta af þjónustu við geðfatlaða. Þjónustan felst í uppbyggingu nýrra búsetukjarna fyrir geðfatlaða og veitingu þjónustu inn í kjarnana. Samhliða undirskrift samningsins var skrifað undir yfirlýsingu um að Reykjavíkurborg taki yfir alla þjónustu við geðfatlaða um áramótin 2008/2009. Í lok árs var samningaviðræðum um síðari verkhlutann ekki lokið.

Allt árið var unnið að samningagerð milli Reykjavíkurborgar og heilbrigðisráðuneytis um yfirfærslu heimahjúkrunar frá ríki til borgar. Í lok árs skrifuðu borgarstjóri og heilbrigðisráðherra undir þriggja ára tilraunasamning þess efnis að



Reykjavíkurborg tæki yfir heimahjúkrun frá og með 1. janúar 2009 með það að markmiði að sameina hana félagslegri heimaþjónustu í Reykjavík.

Auk annarra verkefna sem unnið var að á árinu má nefna breytt fyrirkomulag á niðurgreiðslum Reykjavíkurborgar í félagslegum leiguíbúðum úr beinum niðurgreiðslum með hverri íbúð í persónubundinn stuðning við leigjendur í formi húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta. Gengið var frá samningi við SÁÁ um rekstur á nýju búsetuúrræði með félagslegum stuðningi fyrir allt að 20 einstaklinga sem hætt hafa neyslu áfengis- eða vímuefna en þurfa stuðning og aðstoð við búsetu. Samþykkt var stefna Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2008 – 2012 og er markmiðið með stefnunni að koma í veg fyrir útigang og tryggja öllum sem eru utangarðs viðunandi húsaskjól. Á árinu voru sett upp fjögur færanleg smáhýsi fyrir utangarðsfólk, gistiplássum í gistiskýli fyrir utangarðsmenn var fjölgað og undirbúið var samstarf við Hjálpræðisherinn um aðstöðu í dagsetri Hjálpræðishersins til uppbyggingar á iðju fyrir utangarðsfólk í Reykjavík.

Aðalskrifstofa Velferðarsviðs og skrifstofa Barnverndar Reykjavíkur fluttu á árinu í Borgartún 12-14 ásamt öðrum fagsviðum og starfseiningum Reykjavíkurborgar.

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts flutti einnig á árinu í nýtt og glæsilegt húsnæði við Hraunbæ og deilir nú húsi með heilsugæslu hverfisins. Skrifað var undir sérstaka samstarfsyfirlýsingu milli Þjónustumiðstöðvarinnar og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu í því sambandi.

Starfsmenn Velferðarsviðs hafa lagt á sig mikla vinnu á árinu til að mæta þeim sérstöku aðstæðum sem ríkt hafa í samfélaginu. Undirrituð vill þakka starfsmönnum sviðsins afar óeigingjarnt starf á árinu í þágu velferðarþjónustunnar við borgarbúa.

Stella K. Víðisdóttir
sviðsstjóri Velferðarsviðs

## Skipurit Velferðarsviðs



# Velferðarráð Reykjavíkurborgar

Á árinu 2008 hélt velferðarráð 24 fundi.

## Frá 1. janúar 2008 til 24. janúar 2008 voru eftirtaldir fulltrúar í Velferðarráði:

Björk Vilhelmsdóttir formaður
Friðrik Dagur Arnarsson varaformaður
Dofri Hermannsson
Marsibil Sæmundardóttir
Jórunn Frímannsdóttir
Elínbjörg Magnúsdóttir
Björn Gíslason

## Áheyrnarfulltrúi:

Guðrún Ásmundsdóttir

## Varamenn:

Guðlaug Magnúsdóttir
Þórir Hrafn Gunnarsson
Dögg Hugosdóttir
Einar Örn Ævarsson
Sif Sigfúsdóttir
Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir
Rósa Kr. Stefánsdóttir

## Varaáheyrnarfulltrúi:

Kjartan Eggertsson

## Nýtt velferðarráð skipað 24. janúar 2008:

Jórunn Frímannsdóttir formaður
Björn Gíslason
Elínbjörg Magnúsdóttir
Gunnar H. Hjálmarsson varaformaður
Björk Vilhelmsdóttir
Stefán Benediktsson
Þorleifur Gunnlaugsson

## Áheyrnarfulltrúi:

Marsibil Sæmundardóttir

## Varamenn:

Kristján Guðmundsson
Sif Sigfúsdóttir
Ingunn Vilhjálmsdóttir
Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir
Guðlaug Magnúsdóttir
Þórir Hrafn Gunnarsson
Elín Sigurðardóttir

## Varamaður áheyrnarfulltrúa:

Jóhanna Hreiðarsdóttir

## Breytingar á skipan fulltrúa:

Þann 18. mars tók Sif Sigfúsdóttir sæti Björns Gíslasonar og Björn Gíslason tók sæti Sifjar Sigfúsdóttur.

## Nýtt velferðarráð skipað 21. ágúst 2008:

Jórunn Frímannsdóttir formaður
Sif Sigfúsdóttir
Hallur Magnússon varaformaður
Jóhanna Hreiðarsdóttir
Björk Vilhelmsdóttir
Marsibil Sæmundardóttir
Þorleifur Gunnlaugsson

## Varamenn:

Elínbjörg Magnúsdóttir
Kristján Guðmundsson
Salvör Gissurardóttir
Ingvar Mar Jónsson
Guðlaug Magnúsdóttir
Þórir Hrafn Gunnarsson
Elín Sigurðardóttir

## Áheyrnarfulltrúi:

Gunnar H. Hjálmarsson

## Varamaður áheyrnarfulltrúa:

Halla Rut Bjarnadóttir

## Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi:

Stella K. Víðisdóttir sviðsstjóri
Ellý A. Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri
Sigríður Jónsdóttir skrifstofustjóri
Ingunn Þórðardóttir skrifstofustjóri
Helga Jóna Benediktsdóttir lögfræðingur
Hulda Dóra Styrmisdóttir skrifstofustjóri
Hörður Hilmarsson skrifstofustjóri

# Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

Á árinu hélt barnaverndarnefnd 23 fundi.

## Frá 1. janúar 2008 til 24. janúar 2008 sátu í barnaverndarnefnd:

Guðjón Ólafur Jónsson
Ólöf Finnsdóttir
Bessí Jóhannsdóttir
Jóhann Björnsson
Heiða Björg Pálmadóttir

## Varamenn:

Arnar Þór Sævarsson
Helga Kristín Auðunsdóttir
Svanhvít Axelsdóttir
Dögg Proppé Húgósdóttir
Guðlaug Magnúsdóttir

## Frá 24. janúar til 21. ágúst 2008 sátu í barnaverndarnefnd:

Halldór V. Frímannsson
Kolbrún Baldursdóttir
Eyjólfur Ármannsson
Heiða Björg Pálmadóttir
Dögg Proppé Húgósdóttir

## Varamenn:

Svanhvít Axelsdóttir
Katrín Helga Hallgrímsdóttir
Halla Rut Bjarnadóttir
Guðlaug Magnúsdóttir
Jóhann Björnsson

## Breytingar á skipan fulltrúa:

Þann 21. ágúst tók Salvör Gissurardóttir sæti Eyjólfs Ármannssonar.

## Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi:

Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur sat fundi nefndarinnar auk lögmanns Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og ritara.







# Hlutverk Velferðarsviðs

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. félagsþjónustu og barnavernd. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og leiða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila um framkvæmd þjónustu.

Velferðarsvið sér einnig um rekstur miðlægrar velferðarþjónustu þvert á borgina, átaksverkefni vegna endurhæfingar fólks, heildstætt forvarnastarf í Reykjavík og inntöku í húsnæðis- og búsetuúrræði.

Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Þjónustumiðstöðvar eru sex og sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, frístundaráðgjöf og almennri upplýsingagjöf um starfsemi og þjónustu Reykjavíkurborgar. Þjónustumiðstöðvar bera ábyrgð á framkvæmd forvarnastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í lok árs 2005. Á þjónustumiðstöðvum fer fram þverfaglegt samstarf þar sem lögð er áhersla á samþætta nærþjónustu.

Velferðarsvið vinnur með velferðarráði og barnaverndarnefnd og sinnir málefnum þeirra. Þjónustumiðstöðvar vinna með hverfaráðum í hverfum borgarinnar.

## Verkaskipting milli velferðarráðs Reykjavíkurborgar og barnaverndarnefndar Reykjavíkur vegna málefna barna

Reglur um verkaskiptingu milli velferðarráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur voru samþykktar árið 2004, samkvæmt heimild barnaverndarlaga nr. 80/2002 og heimild laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Verkaskiptingin er eftirfarandi:

### Velferðarráð Reykjavíkur:

- Stefnumótun og uppbygging úrræða
- Rannsóknir og kannanir
- Almennt eftirlit með aðbúnaði og vinnu barna

### Barnaverndarnefnd Reykjavíkur:

- Eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna
- Tekur við barnaverndartilkynningum, annast og ber ábyrgð á málsmeðferð og beitir viðeigandi úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum
- Eftirlit með heimilum og stofnunum
- Önnur verkefni sem barnaverndarnefndum eru falin lögum samkvæmt hverju sinni

# Mannfjöldi í hverfum Reykjavíkurborgar

Íbúar í Reykjavík 31. desember 2008 voru 119.547 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

## Mannfjöldi í Reykjavík - Skipting eftir hverfum

| Hverfi | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Vesturbær | 15.747 | 13,2% |
| Miðborg | 8.644 | 7,2% |
| Hlíðar | 9.623 | 8,0% |
| Laugardalur | 15.534 | 13,0% |
| Háaleiti | 13.873 | 11,6% |
| Breiðholt | 21.090 | 17,6% |
| Árbær | 10.149 | 8,5% |
| Grafarholt/Úlfarsfell | 5.463 | 4,6% |
| Grafarvogur | 18.185 | 15,2% |
| Kjalarnes | 875 | 0,7% |
| Annað | 364 | 0,3% |
| Samtals | 119.547 | 100,0% |

## Mannfjöldi í Reykjavík - Skipting eftir þjónustumiðstöðvum

| Þjónustumiðstöð | Fjöldi íbúa | Hlutfall |
|---|---|---|
| Vesturbær | 15.747 | 13,2% |
| Miðborg og Hlíðar | 18.267 | 15,3% |
| Laugardalur og Háaleiti | 29.407 | 24,6% |
| Breiðholt | 21.090 | 17,6% |
| Árbær | 10.149 | 8,5% |
| Grafarholt/Úlfarsfell | 5.463 | 4,6% |
| Grafarvogur og Kjalarnes | 19.060 | 15,9% |
| Annað | 364 | 0,3% |
| Samtals | 119.547 | 100,0% |



## Aldursskipting íbúa – Hlutfallsleg skipting eftir þjónustumiðstöðvum

| Aldur | Vesturbær | Miðborg og Hlíðar | Laugardalur og Háaleiti | Breiðholt | Árbær og Grafarholt | Grafarvogur og Kjalarnes |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0-12 ára | 17% | 13% | 15% | 17% | 21% | 20% |
| 13-17 ára | 6% | 4% | 6% | 7% | 7% | 9% |
| 18-29 ára | 23% | 25% | 17% | 19% | 19% | 18% |
| 30-49 ára | 29% | 31% | 26% | 28% | 29% | 30% |
| 50-66 ára | 16% | 17% | 19% | 20% | 18% | 18% |
| 67-79 ára | 6% | 6% | 10% | 7% | 5% | 5% |
| 80 ára og eldri | 4% | 5% | 7% | 2% | 1% | 1% |
| Samtals | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |

## Fjölskyldugerð, íbúar 18 ára og eldri – Hlutfallsleg skipting eftir þjónustumiðstöðvum

| Aldur | Vesturbær | Miðborg og Hlíðar | Laugardalur og Háaleiti | Breiðholt | Árbær og Grafarholt | Grafarvogur og Kjalarnes |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hjón/sambýlisfólk með börn | 25% | 17% | 22% | 23% | 31% | 34% |
| Hjón/sambýlisfólk barnlaus | 20% | 19% | 27% | 26% | 26% | 24% |
| Einstætt foreldri | 6% | 5% | 5% | 7% | 6% | 6% |
| Einhleypur karl | 26% | 32% | 24% | 25% | 22% | 21% |
| Einhleyp kona | 24% | 27% | 23% | 19% | 15% | 15% |
| Samtals | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |

# Helstu nýmæli

## Aðgerðir vegna aðstæðna í efnahagslífi

### Aðgerðaáætlun og stofnun aðgerðateymis

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar vann aðgerðaáætlun í kjölfar erfiðleika í efnahagslífi Íslands þann 8. október 2008 með það að markmiði að efla aðgengi að þjónustu og meta þörf Reykvíkinga fyrir þjónustu. Aðgerðateymi Velferðarsviðs var stofnað á grundvelli aðgerðaáætlunarinnar til að fylgjast markvisst með eftirspurn eftir þjónustu þjónustumiðstöðva og stöðu mála í hverfum borgarinnar. Leitast er við að greina aukið álag á þjónustumiðstöðvum og eru margvíslegir þættir skoðaðir með það að leiðarljósi, s.s. fjöldi koma í þjónustuskála, fjöldi innhringinga, fjöldi tilvísana vegna barna í leik- og grunnskólum og fjöldi umsókna um fjárhagsaðstoð. Teymið miðlar upplýsingum til yfirstjórnar Velferðarsviðs, kjörinna fulltrúa og borgarstjóra. Teymið hefur einnig verið í samráði við forsvarsmenn hjálparstofnana og Vinnumálastofnun með það að markmiði að auka flæði upplýsinga og hafa yfirsýn yfir aðstæður hverju sinni.

Til þess að mæta vaxandi þörf íbúa fyrir upplýsingar um þjónustu og aðstoð hafa þjónustumiðstöðvar borgarinnar meðal annars skoðað innra starf sitt til að tryggja aðgengi að þjónustu. Samráð við lykilaðila í hverfum var eflt til að fylgjast með breytingum í nærsamfélaginu. Einnig voru haldnir fræðslufundir í hverfum borgarinnar um lífsgæði og sjálfsstyrkingu, uppeldi og samskipti.

## Aldraðir

### Seljahlíð – heimili aldraðra

Í kjölfar skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag Seljahlíðar var samþykkt að fara í formlegar viðræður við heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið um greiðsluþátttöku ríkisins í breyttu búsetuformi íbúa í Seljahlíð. Markmið fyrirhugaðra breytinga í Seljahlíð er að bjóða upp á nýja valkosti fyrir aldraða hvað varðar þjónustu- og búsetumál. Einnig að mæta kröfum aldraðra og samfélagsins um fullt sjálfræði og sjálfstæði einstaklinga og aðlögun þjónustu að þörfum hvers og eins. Viðræður við ráðuneytin hafa átt sér stað á árinu en er ekki lokið.

### Dagþjálfun fyrir heilabilaða

Á árinu var undirritaður samningur milli Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúkra (FAAS) um dagþjálfun fyrir heilabilaða. Reykjavíkurborg leggur starfseminni til húseign að Blesugróf 27 í Reykjavík, annast nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu og garði og greiðir nauðsynlegan búnað við upphaf starfseminnar. FAAS mun annast rekstur heimilisins og starfsemi.

## Fatlaðir

### Þjónustusamningur Velferðarsviðs og félags- og tryggingamálaráðuneytisins um þjónustu við geðfatlaða innan Straumhvarfa

Í ágúst var undirritaður þjónustusamningur þess efnis að Velferðarsvið tæki að sér framkvæmd á þjónustu við 44 geðfatlaða einstaklinga innan átaksverkefnis ríkisins er nefnist Straumhvörf. Um er að ræða sértæka þjónustu í formi hæfingar og virkniþjálfunar innan átta búsetukjarna en Velferðarsvið í samvinnu við Félagsbústaði ber ábyrgð á að stofnaðir verði sjö af þeim. Gildistími samnings er stuttur eða til 31.12. 2010, m.a. vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu alls málaflokksins. Hugmyndafræðin sem unnið er eftir byggir á því að notendur fái stuðning til að axla ábyrgð á eigin bata með valdeflingu, notendasamráði og hjálp til sjálfshjálpar. Til þess að byggja upp skilvirka þjónustu við íbúa var leitað eftir liðstyrk allra megin lykilaðila sem vinna að málefnum geðfatlaðra svo og notenda og aðstandenda.

### Viljayfirlýsing um að Velferðarsvið taki að sér ábyrgð og framkvæmd á þjónustu við geðfatlaða

Samtímis því að undirritaður var þjónustusamningur, var undirrituð viljayfirlýsing þess efnis að aðilar þjónustusamnings væru sammála að stefnt yrði að því að þann 1. janúar 2009 tæki Velferðarsvið að sér framkvæmd og ábyrgð á þjónustu sem Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík hefur sinnt. Unnið var markvisst að undirbúningi strax frá undirritun viljayfirlýsingar og m.a. stofnaður starfshópur til þess að skoða dagþjónustuþörf geðfatlaðra.

### Norrænt tilraunaverkefni um ferðaþjónustu fyrir fatlaða

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur á árinu unnið að undirbúningi tilraunaverkefnis um ferðaþjónustu fyrir fatlaða á Norðurlöndum. Markmið verkefnisins er að veita hjólastóla-



notendum sem ferðast til höfuðborga Norðurlandanna í lengri eða skemmri tíma ferðaþjónustu með sérútbúnum bílum. Auk Reykjavíkur eru þátttökuborgir Kaupmannahöfn, Osló og Stokkhólmur. Samtök hreyfihamlaðra á Norðurlöndum, Nordisk Handikap Forbund, leiða verkefnið og er Sjálfsbjörg, Landssamband fatlaðra á Íslandi, einnig þátttakandi í verkefninu. Verkefnið er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Verkefnið gefur hreyfihömluðum sem þurfa sérútbúinn bíl til að komast leiðar sinnar kleift að ferðast á einfaldan máta á ferðalögum sínum í þátttökuborgunum fjórum.

# Félagsleg ráðgjöf

## Félagsleg ráðgjöf færð nær notendum

Á árinu var áfram unnið að því að færa ráðgjöf nær notendum þjónustunnar. Ráðgjafar Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða voru vikulega á Kaffistofu Samhjálpar og buðu ráðgjöf en einnig var farið reglulega á þá staði sem utangarðsfólk sækir. Ráðgjafar þjónustumiðstöðvarinnar buðu eins og áður ráðgjöf í Gistiskýlinu og Konukoti.

# Húsnæðismál

## Búsetuúrræði með félagslegum stuðningi í samvinnu við SÁÁ

Velferðarráð Reykjavíkurborgar samþykkti í október tillögu þess efnis að gengið yrði til samninga við SÁÁ um rekstur á nýju búsetuúrræði með félagslegum stuðningi. Um er að ræða búsetuúrræði fyrir allt að 20 einstaklinga sem hætt hafa neyslu áfengis- eða vímuefna en þurfa á umtalsverðum stuðningi að halda til að ná tökum á lífi sínu. Markmiðið með búsetuúrræðinu er að veita húsaskjól, félagslegan stuðning og hæfingu þannig að íbúar geti í framhaldinu búið sjálfstætt og tekið virkan þátt í samfélaginu án vímugjafa.

## Niðurgreiðslum í félagslegum leiguíbúðum breytt í persónubundinn stuðning

Samþykkt var í borgarráði 25. apríl 2008 að almennum niðurgreiðslum Reykjavíkurborgar vegna félagslegs leiguhúsnæðis yrði breytt í persónubundinn stuðning við leigjendur í formi almennra húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta. Markmiðið með breytingunum var að stuðningur við leigjendur tæki mið af félags- og fjárhagslegum aðstæðum á hverjum tíma. Þessi breyting kom til framkvæmda þann 1. júní 2008.

# Málefni barna

## Stuðningur við barnafjölskyldur í heimahúsum efldur

Á árinu var hafin ný þjónusta í tengslum við Vistheimili barna, Greining og ráðgjöf heim. Markmiðið með þessari þjónustu er að styðja fjölskyldur sem þurfa sérstakan stuðning og veita þeim þjónustuna inn á heimili viðkomandi til að draga úr stofnanavistun eftir því sem hægt er. Þessi þjónusta er eingöngu ætluð þeim er njóta þjónustu Barnaverndar Reykjavíkur.

# Rannsóknir, úttektir og ráðstefnur

## Rannsókn á högum og viðhorfum eldri borgara

Í lok febrúar voru kynntar niðurstöður rannsóknar á högum og viðhorfum eldri borgara í Reykjavík, 80 ára og eldri. Capacent – Gallup vann rannsóknina fyrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Haft var samband við þátttakendur í könnuninni í síma á tímabilinu nóvember 2007 til janúar 2008. Niðurstöður rannsóknarinnar er að finna á vefsíðu Velferðarsviðs.

## Þjónustukannanir hjá Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur á síðustu árum látið gera þjónustukannanir hjá hinum ýmsu borgarstofnunum. Á árinu 2008 voru m.a. framkvæmdar þjónustukannanir hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og Barnavernd Reykjavíkur. Capacent – Gallup vann þessar kannanir í janúar og niðurstöður voru kynntar í mars. Þær er að finna á vefsíðu Velferðarsviðs.

## Kvennasmiðjan – leið til aukinna lífsgæða

Niðurstöður könnunar sem gerð var meðal kvenna sem lokið höfðu endurhæfingu í Kvennasmiðjunni voru kynntar í apríl. Rannsóknin náði til allra þátttakenda sem útskrifast höfðu úr Kvennasmiðjunni fram til ársloka 2006. Kvennasmiðjan hóf göngu sína í apríl 2001 og er samstarfsverkefni Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Tryggingastofnunar ríkisins.

## Viðhorfskönnun meðal notenda félagslegrar heimaþjónustu

Niðurstöður könnunar sem gerð var meðal notenda félagslegrar heimaþjónustu voru kynntar í mars. Könnunin náði til notenda sem höfðu verið með þjónustu frá 2004 þegar tilraunaverkefni um samþættingu heimaþjónustu hófst. Niðurstöður er að finna á vefsíðu Velferðarsviðs.



### Þátttaka innflytjendabarna í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi

Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR), Þjónustumiðstöð Breiðholts og MIRRA (Miðstöð innflytjendarannsókna ReykjavíkurAkademíunni) stóðu að rannsókn á þátttöku innflytjendabarna í Breiðholti í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi. Rannsóknarskýrsla, Innan vallar eða utan? var kynnt á opnum fundi í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í ágúst. ÍR kynnti þar aðgerðaáætlun sem byggist á rannsóknarniðurstöðunum. Þær er að finna á heimasíðu Velferðarsviðs.

### Gæðamat

Úttektaráætlun Velferðarsviðs nær til innra mats, símats, innri úttekta og kannana á Velferðarsviði og er hluti af innra gæðamati og eftirliti Velferðarsviðs. Á árinu 2008 var gerð rannsókn á aðstæðum notenda sem fá styrk vegna sérstakra erfiðleika og þeirra notenda sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði eða lengur. Capacent – Ráðgjöf vann úttekt á starfsendurhæfingarúrræðum fyrir Velferðarsvið, félags- og tryggingamálaráðuneytið og Kópavogsbæ.

### Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd

Velferðarsvið endurnýjaði á árinu samning við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands um aðild og stuðning við Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Samningurinn er til þriggja ára.

### Málþing um mikilvægi hverfasamstarfs

Í febrúar stóð Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts fyrir málþingi um mikilvægi hverfasamstarfs. Til málþingsins voru sérstaklega boðaðir fulltrúar skóla, stofnana og félagasamtaka í Árbæ og Grafarholti. Auk þess var öllum íbúum þessara hverfa boðið að mæta og taka þátt.

### Málþing um heimilislausar konur

Í maí var haldið málþing um heimilislausar konur. Að málþinginu stóðu eftirtaldir aðilar: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Vímuefnadeild Landspítalans, Reykjavíkurdeild Rauða Kross Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar og Samhjálp. Öflugur samstarfshópur um málefni utangarðsfólks starfaði á árinu 2008. Í hópnum eru fulltrúar frá fjölmörgum stofnunum og félagasamtökum. Stefnt er að því að samstarfið verði formgert á árinu 2009 og eflt enn frekar með þátttöku fleiri aðila. Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða leiðir samstarfið.

### Málþing um málefni fjölskyldunnar

Fjölmennt málþing um málefni fjölskyldunnar var haldið í félagsmiðstöðinni Gerðubergi í september og var það liður í svokölluðum Breiðholtsdögum. Að málþinginu stóðu Þjónustumiðstöð Breiðholts og ýmsir samstarfsaðilar í hverfinu. Yfirskrift málþingsins var „Stillum saman strengi“ og var fjallað um málefni fjölskyldunnar í víðu samhengi.

### Ráðstefna um vinnu með flóttamönnum

Í nóvember var haldin ráðstefna um vinnu starfsmanna Reykjavíkurborgar o.fl. aðila með flóttamönnum frá Kólumbíu sem komu til landsins haustið 2007. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða hafa haldið utan um daglega vinnu með flóttamönnunum.

### Málþing um móttöku og vinnu með börnum og foreldrum af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum

Í nóvember var haldið málþing undir yfirskriftinni „Velkomin í skólann! Móttaka og vinna með börnum og foreldrum af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum“. Þingið var samstarfsverkefni nokkurra aðila og átti Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða fulltrúa þar.

## Sameining heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu

### Yfirfærsla heimahjúkrunar frá ríki til borgar

Á árinu 2008 var unnið að samningagerð um yfirfærslu heimahjúkrunar frá ríki til borgar, með það að markmiði að samþætta og efla þjónustu í heimahúsum þannig að íbúar geti, þrátt fyrir veikindi og færniskerðingu, búið heima við öryggi. Þann 30. desember 2008 var samningur til 3ja ára um yfirfærslu heimahjúkrunar til borgar undirritaður og þann 1. janúar 2009 fluttist heimahjúkrun inn í nýja skipulagseiningu Velferðarsviðs, Heimaþjónustu Reykjavíkur.

Að heimahjúkrun í Reykjavík vinna 115 starfsmenn. Með undirritun samningsins er stigið stórt skref í þágu þeirra fjölmörgu íbúa sem þurfa á þjónustu að halda inn á heimili sitt. Umfang þessarar þjónustu er mikið og þjónustan sem sinnt er inni á heimilum fólks er bæði mikilvæg og viðkvæm. Gott samstarf starfsmanna þjónustunnar er lykillinn að því að vel

takist til og á árinu 2009 verður áhersla lögð á samvinnu þeirra starfsmanna sem sinna félagslegri heimaþjónustu og heimahjúkrun.

# Utangarðsfólk

## Stefna í málefnum utangarðsfólks

Í september samþykkti velferðarráð stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2008 – 2012. Markmiðið með stefnumótuninni er að koma í veg fyrir útigang og tryggja öllum viðunandi húsaskjól. Stefnunni er ætlað að skýra hvernig Reykjavíkurborg ætlar að vinna að málefnum utangarðsfólks í Reykjavík til ársins 2012. Utangarðsfólk er ólíkir einstaklingar sem eiga við margháttaðan félags- og heilbrigðisvanda að stríða, eru félagslega einangraðir og eiga oft að baki fangelsisvistir, sjúkrahúsdvalir og aðra félagslega erfiðleika. Grunnþarfir þessa hóps felast fyrst og fremst í þörf fyrir félagslegan stuðning, endurhæfingu og húsnæði til að geta aðlagast samfélaginu á ný. Því er brýnt að tryggð sé samfella í þjónustu við áhættuhópa og leitast við að koma í veg fyrir útigang. Í því skyni eru forvarnir og samstarf milli ólíkra kerfa s.s. lögreglu, félagsmálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka grundvallaratriði.

## Smáhýsi fyrir utangarðsfólk

Á undanförnum árum hefur verið unnið markvisst að því að auka fjölbreytni í úrræðum fyrir utangarðsfólk í Reykjavík og bæta þjónustu við þennan hóp. Árið 2008 voru opnuð fjögur færanleg smáhýsi sem ætluð eru utangarðsfólki sem hefur hvergi höfði sínu að halla.

Með því að útvega heimilislausum einstaklingum húsnæði sem þeir geta búið í á sínum forsendum er komið til móts við þarfir ákveðins hóps heimilislausra sem hingað til hefur gengið erfiðlega að koma til móts við. Unnið er að því að bæta lífsgæði þeirra og líðan ásamt því að bjóða upp á fjölbreyttari þjónustu.

# Þverfaglegt samstarf

## Þverfagleg starfsendurhæfing HVERT

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og Heilsugæslan í Salahverfi, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun gerðu með sér samning um tilrauna- og rannsóknaverkefnið HVERT í árslok 2007. HVERT byggir fyrst og fremst á því að koma í veg fyrir ótímabæra örorku með því að samhæfa öll kerfi sem koma að málum einstaklingsins m.t.t. starfsendurhæfingar og aðstoða einstaklinginn til að komast sem fyrst aftur út á vinnumarkaðinn.

## Samstarfssamningur um lausnamiðaða nemendavernd

Í janúar var undirritaður samstarfssamningur Menntasviðs, Velferðarsviðs og ÍTR um lausnamiðaða nemendavernd fyrir grunnskólanemendur í Árbæ, Breiðholti, Grafarholti og Norðlingaholti í húsnæði Unglingasmiðjunnar Traðar í Keilufelli 5. Markhópur þessarar þjónustu eru nemendur sem af einhverjum orsökum þurfa tímabundið úrræði utan heimaskóla.

## Samstarf Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Velferðarsviðs

Í tilefni þess að Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og Heilsugæslan í Árbæ myndu flytja undir sama þak síðar á árinu var undirrituð samstarfsyfirlýsing í mars um nánara samstarf milli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Í mars var einnig undirritaður samstarfssamningur um þverfaglega samvinnu milli Heilsugæslunnar í Efra Breiðholti, Barnaverndar Reykjavíkur og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.



## Samstarfssamningur Heilsugæslunnar í Glæsibæ, BUGL og Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis

Í maí var undirritaður samstarfssamningur milli Heilsugæslunnar í Glæsibæ, BUGL (Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans) og Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis vegna tilraunaverkefnis um þverfaglega samvinnu milli þessara aðila.

## Samstarfssamningur Miðgarðs, Heilsugæslunnar í Grafarvogi, Barnaverndar Reykjavíkur og BUGL

Miðgarður, Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Heilsugæslan í Grafarvogi, Barnavernd Reykjavíkur og BUGL (Barna- og unglingageðdeild Landspítalans) undirrituðu samstarfssamning í desembermánuði. Samningurinn felur í sér teymisvinnu með formlegri aðkomu viðkomandi stofnana í málefnum barna og unglinga með hegðunar- og geðraskanir og fjölskyldna þeirra.

# Chief Innovations

## Measures taken because of a changed economic environment

### Action plan and the setting up of an operational team

On the 8th of October The Department of Welfare created an action plan in response to the economic crisis in Iceland, hoping to increase access to services and to evaluate the citizens' need for service. The Department's operational team was set up on the basis of this action plan to systematically monitor demand for service within the city's service centres and the situation in different districts in the city. The team endeavours to detect increased strain on the community service centres, and look at various aspects such as the number of visits to the centres, number of phone calls, referrals because of children in pre- and primary schools, and the number of applications for financial assistance. The team reports back to the Department's administration, elected delegates, and the Mayor. The team also collaborated with managements of aid organisations and the Directorate of Labour in order to increase information flow and gain extensive knowledge of the situation at each given time.

In order to answer the citizens' increasing need for information on services and assistance, the city's service centres have reorganised their infrastructure to ensure access to services. Key parties in the neighbourhoods were consulted to better monitor changes in the community. In addition, educational meetings were held in the neighbourhoods on the quality of life, self-empowerment, upbringing, and communication.

## The Elderly

### Seljahlíd – retirement home

Following a report on the future structure of Seljahlíd, the Department of Welfare decided to commence formal negotiations with the Ministry of Health and the Ministry of Social Affairs and Social Security about the State's participation in funding a changed form of residence for the residents of Seljahlíd retirement home. The objective of these envisaged modifications in Seljahlíd is to offer new alternatives to senior citizens with regard to services and residential options. The goal is also to meet the demands of senior citizens and the community for full independence of individuals and that services should be adjusted to the needs of each and every person. The negotiations between the city and the state are still ongoing.

### Daytime rehabilitation for people suffering from dementia

In 2008 the Department of Welfare and FAAS (the Icelandic Alzheimer's Society) signed an agreement regarding daytime rehabilitation of people suffering from dementia. Reykjavik City provides housing at Blesugróf 27 in Reykjavik, takes care of necessary modifications to the building and grounds, and covers costs of vital start-up equipment. FAAS will manage the home and its operation.

## The Disabled

### Service agreement between the Department of Welfare and the Ministry of Social Affairs and Social Security on services to the mentally disabled within Straumhvörf

In August 2008 a service agreement was reached that the Department of Welfare would see to the implementation of services to 44 mentally disabled individuals within the Straumhvörf project. This is a specialised service in the form of qualification and activity training within eight residence centres, and the Department of Welfare, in collaboration with Félagsbústadir, is responsible for establishing seven of these centres. The validity period of the agreement is short – it expires on the 31st of December 2010, inter alia due to the transfer of the whole policy area from the State to the City. The ideology is based on that clients shall receive the support they need to become responsible for their own recovery through self-empowerment, consultation and assistance to self-reliance and self-help. In order to create an efficient service for the residents, the Department sought the assistance of all key players in the area of the mentally disabled; organisations, clients, and their families.

### Memorandum of understanding that the Department of Welfare will take responsibility for and implement services to the mentally disabled

In conjunction with the service agreement, a memorandum of understanding was signed to the effect that the relevant parties agreed that the Department of Welfare would take over responsibilities and services to the mentally disabled from the Local Disability Forum in Reykjavik on the 1st of



January 2009. Systematic groundwork commenced as soon as the memorandum was signed, a work group was for instance established to look into daytime service needs of the mentally disabled.

### A Nordic experimental project on travel services for the disabled

In 2008 the Department of Welfare started preparations for an experimental project on travel services for disabled people in the Nordic countries. The goal is to offer travel services to wheel chair bound individuals who travel to capital cities in Scandinavia for a longer or shorter period of time. Disabled travellers will be provided with modified cars for easier travel and transport in the four participating cities; these cities are, in addition to Reykjavik, Oslo, Stockholm, and Copenhagen. Nordiska Handikapp Förbundet (Nordic Association of the Disabled) heads the project with the participation of Sjálfsbjörg (Icelandic National Association of the Disabled). The project receives funding from the Nordic Council of Ministers.

## Social Counselling

### Social counselling brought nearer to clients

In 2008 work continued on bringing counselling closer to the clients. Counsellors in the Midborg and Hlídar Service Centre offered weekly attendance in the Samhjálp cafeteria in addition to regular visits to the haunts of the homeless. The service centre's counsellors also continued to have a regular presence in Gistiskýlid and Konukot.

## Housing

### Housing solutions with social support in collaboration with SÁÁ (National Centre of Addiction Medicine)

In October the Department of Welfare passed a proposal to enter into an agreement with SÁÁ to manage a new housing solution with social support. This provides housing for up to twenty individuals who have given up alcohol and substance abuse but still need substantial support to get back on their feet. The goal is to offer housing, social support, and

guidance so that these individuals can live independently in the future and participate in society without substance abuse.

### Subsidies of social rental flats changed to personalised support

On the 25th of April 2008 the City Council consented to change the city's general subsidies to personalised support for tenants in the form of general rent benefits and special rent benefits. The intention with this amendment is to ensure that support to tenants is based on social and financial circumstances at each given time. This amendment was implemented 1st of June 2008.

## Children's Issues

### Analysis and consultation for families with children

In 2008 a new type of service in connection with Vistheimili barna (a group home for children) and a programme called Greining og rádgjöf heim (Analysis and Consultation in the Home) became available. The goal is to support families that need assistance and to offer them services at home to reduce institutionalisation as much as possible. This service is solely meant for those that have the assistance of the Reykjavik Child Welfare Agency.

## Surveys, Conferences and Research

### Survey on the wellbeing and outlook of senior citizens

Towards the end of February 2008 results were published of a survey on the wellbeing and outlook of senior citizens in Reykjavik, aged 80+. Capacent – Gallup performed the survey for the Department of Welfare. The participants were contacted by phone over the period of November 2007 – January 2008. The results are available on the Department of Welfare's website.

### Service surveys

Reykjavik City has in the past years had service surveys conducted on its various departments and organisations. In 2008 service surveys were conducted on the city's service centres and the Reykjavik Child Welfare Agency. Capacent – Gallup conducted the surveys in January and the results were published in March; they are available on the Department of Welfare's website.



## Kvennasmidja – means to a better quality of life

In April the results of a survey conducted among women who had completed rehabilitation in the Kvennasmidja were published. Participants were all those who completed rehabilitation in Kvennasmidja up until the end of 2006. The Kvennasmidja opened in April of 2001 and is a collaboration project between the Department of Welfare and the Social Insurance Administration.

## Attitude survey among users of social domestic services

In March the results of a survey among users of social domestic services were published. The survey included those that had used the services since 2004, when an experimental project on integrating home services began. These results are available on the Department of Welfare's website.

## Participation of immigrant children in organised sports and leisure activities

ÍR – Breidholt Sports Association, the Breidholt Service Centre, and MIRRA (Centre for Immigration Research) conducted a research into the participation of immigrant children in Breidholt in organised sports and leisure activities. The report – *Innan vallar eða utan?* (On or Off the Pitch) was publicised in an open meeting in the Gerduberg Cultural Centre in August. ÍR also introduced an action plan based on the research results. The results are available on the Department of Welfare's website.

## Quality evaluation

The Department's evaluation adheres to internal rating, continuous assessment, internal evaluation, and surveys within the Department of Welfare, and is a part of the Department's internal quality control. In 2008 a survey was conducted on the circumstances of those who receive support because of special difficulties and those who receive financial support for twelve months or more. Capacent – Rádgjöf conducted an appraisal of vocational rehabilitation solutions for the Department, the Ministry of Social Affairs and Social Security, and Kópavogur.

## Centre for Children and Family Research

The Department of Welfare renewed its contract with the School of Social Sciences at the University of Iceland on the participation and support to the Centre on Children and Family Research in the Faculty of Social Work at the University. This is a three-year contract.

## Conference on the importance of interdistrict collaboration

In February the service centre of Árbær and Grafarholt hosted a conference on the importance of interdistrict collaboration. Delegates from schools, institutions and organisations in Árbær and Grafarholt were invited, and all inhabitants of these districts were also encouraged to participate.

## Conference on homeless women

Að Fjölskyldumiðstöðinni standa Velferðarsvið, Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands, félagsmálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Markmið með rekstri miðstöðvarinnar er að aðstoða fjölskyldur sem eiga í vanda, t.a.m. vegna vímuefnaneyslu barna, samskiptavanda og erfiðleika í skóla. Lögð er áhersla á þjónustu við fjölskyldur ofvirkra og fatlaðra barna. Hugmyndafræði Fjölskyldumiðstöðvar í anda forvarna byggir á að leggja fjölskyldum lið við að leysa vanda sem fyrst, meðan þær búa yfir styrk og von til að gera það af eigin rammleik, svo koma megi í veg fyrir að mál þróist á verri veg. Hópastarf var í þremur grunnskólum. Um var að ræða tvo stúlknahópa og einn drengjahóp. Skóli, þjónustumiðstöð ÍTR og Fjölskyldumiðstöð unnu saman í hópastarfinu.

Viðtöl á Fjölskyldumiðstöð á árinu voru 1.322 talsins og nýttu 502 börn í 289 fjölskyldum þjónustuna. Aðalástæða komu fjölskyldna á Fjölskyldumiðstöðina eru málefni unglinga vegna samskiptavanda. Málum vegna yngri barna hefur fjölgað og einnig málum vegna umgengni, sambúðarslita og sambúðarvanda.

# Barnavernd Reykjavíkur

Markmið barnaverndar samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Skal það gert með því að styrkja fjölskylduna í uppeldishlutverkinu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Barnaverndarnefnd ber þannig að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.

Þegar barnaverndarnefnd fær rökstuddan grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða að barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðan sinni, er nefndinni skylt að kanna málið án tafar. Þá eru málefni barnsins unnin á grundvelli barnaverndarlaga, m.a. með ráðgjöf um uppeldislegar aðstæður barnanna og beitingu úrræða þegar það á við. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ber ábyrgð á meðferð slíkra mála í Reykjavík. Barnavernd Reykjavíkur, sem er hluti af Velferðarsviði, ber ábyrgð á framkvæmd mála sem unnin eru samkvæmt barnaverndarlögum í borginni.

### Fjöldi mála sem Barnavernd Reykjavíkur hafði til meðferðar og fjöldi mála sem lögð voru fyrir barnaverndarnefnd – samanburður árin 2007 og 2008

| | Fjöldi barna | | Fjöldi fjölskyldna | |
|---|---|---|---|---|
| | 2007 | 2008 | 2007 | 2008 |
| Mál til meðferðar v/barna og unglinga | 2.384 | 2.589 | 1.901 | 2.089 |
| Mál sem lögð voru fyrir barnaverndarnefnd | 130 | 151 | 110 | 127 |

### Aldur og kyn barna sem Barnavernd Reykjavíkur hafði til meðferðar

| Aldur | Drengir | Stúlkur | Samtals |
|---|---|---|---|
| 0-5 ára | 201 | 207 | 408 |
| % | 14,4% | 18,9% | 16,4% |
| 6-12 ára | 431 | 321 | 752 |
| % | 30,9% | 29,3% | 30,2% |
| 13-18 ára | 762 | 566 | 1.328 |
| % | 54,7% | 51,7% | 53,4% |
| Samtals | 1.394 | 1.094 | 2.488 |
| % | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Upplýsingar um aldur og kyn barna eru ekki fyrir hendi í 101 máli þar sem m.a. voru veittar umsagnir vegna ættleiðingar og umsagnir um hæfi fósturforeldra og stuðningsfjölskyldna.

## Fjöldi tilkynninga vegna barna á grundvelli barnaverndarlaga – skipting eftir ástæðu tilkynningar og aldri

| Ástæður tilkynninga | 0 - 12 ára | 13 - 18 ára | Samtals |
|---|---|---|---|
| Afbrot barns | 80 | 716 | 796 |
| Barn beitir ofbeldi | 56 | 152 | 208 |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 63 | 505 | 568 |
| Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | 8 | 84 | 92 |
| Neysla barns á vímuefnum | 1 | 190 | 191 |
| Áhættuhegðun barna samtals | 208 | 1.647 | 1.855 |
| Kynferðislegt ofbeldi | 93 | 79 | 172 |
| Líkamlegt ofbeldi | 127 | 115 | 242 |
| Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi | 243 | 102 | 345 |
| Ofbeldi samtals | 463 | 296 | 759 |
| Líkamleg vanræksla | 15 | 3 | 18 |
| Tilfinningaleg vanræksla | 79 | 26 | 105 |
| Vanræksla varðandi nám | 22 | 9 | 31 |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 735 | 280 | 1.015 |
| Samtals dæmi um vanrækslu | 851 | 318 | 1.169 |
| Heilsa eða líf ófædds barns í hættu | 31 | | 31 |
| Samtals | 1.553 | 2.261 | 3.814 |
| Fjöldi barna | 839 | 1.019 | 1.858 |
| Fjöldi heimila | 645 | 959 | 1.522 |



## Fjöldi tilkynninga vegna barna á grundvelli barnaverndarlaga – skipting eftir tilkynnanda og aldri barna

| Tilkynnandi | 0 - 12 ára | 13 - 18 ára | Samtals |
|---|---|---|---|
| Lögregla | 584 | 1.538 | 2.122 |
| Nágranni/Almennur borgari | 259 | 95 | 354 |
| Skóli/sérfr.þj.skóla/fræðsluskrifstofa | 124 | 162 | 286 |
| Foreldrar barna – með forsjá | 114 | 158 | 272 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 137 | 94 | 231 |
| Ættingjar barns aðrir en foreldrar | 125 | 62 | 187 |
| Þjónustumiðstöðvar/aðrar stofnanir Velferðarsviðs | 72 | 58 | 130 |
| Foreldrar barna – ekki með forsjá | 56 | 33 | 89 |
| Önnur barnaverndarnefnd/félagsþjónusta | 35 | 26 | 61 |
| Stuðlar/meðferðarheimili/aðrar stofnanir BVS | 14 | 20 | 34 |
| Leikskóli/gæsluforeldri | 28 | | 28 |
| Barn/ungmenni leitaði sjálft til barnaverndarnefndar | 1 | 10 | 11 |
| Aðrir | 4 | 5 | 9 |
| Fjöldi tilkynninga alls | 1.553 | 2.261 | 3.814 |
| Fjöldi barna | 839 | 1.019 | 1.858 |
| Fjöldi heimila | 645 | 959 | 1.522 |

# Bakvakt

Neyðarvakt vegna barnaverndarmála er starfrækt í Reykjavík alla virka daga utan skrifstofutíma og um helgar. Þegar erindi berst til bakvaktar þarf að meta hvort þörf er tafarlausrar aðstoðar eða hvort málið má bíða næsta virka dags. Bakvaktarstarfsmenn eru viðstaddir skýrslutöku af börnum hjá lögreglunni.

Hluti þeirra erinda sem berast til bakvaktar flokkast undir formlegar tilkynningar en önnur ekki, t.d. erindi sem hægt er að sinna símleiðis eða geta beðið afgreiðslu á skrifstofutíma.

Þann 1. febrúar 2004 tók gildi samningur milli barnaverndarnefnda landsins við Neyðarlínuna 112 um að taka við tilkynningum, forgangsraða erindum, skrá helstu upplýsingar og koma þeim til viðkomandi barnaverndarnefndar.

## Umsagnir vegna umgengnis-, ættleiðingar- og fósturmála Skipting eftir fjölda heimila og fjölda barna

| | Fjöldi heimila | Fjöldi barna |
|---|---|---|
| Erindi frá sýslum. vegna umgengnismála | 39 | 52 |
| Ættleiðing | 32 | 32 |
| Fósturhæfi | 27 | 27 |
| Umsögn um hæfi stuðningsfjölskyldu | 37 | 37 |
| Samtals | 135 | 148 |

## Varanlegt, tímabundið og styrkt fóstur

| | Fjöldi barna |
|---|---|
| Börn í varanlegu fóstri | 114 |
| Barn fer í varanlegt fóstur á árinu | 15 |
| Börn í tímabundnu fóstri | 96 |
| Barn fer í tímabundið fóstur á árinu | 47 |
| Styrkt fóstur | 9 |
| Fóstur rofnar á árinu | 11 |
| Fóstri lauk á árinu vegna sjálfræðisaldurs | 14 |
| Samtals m.t.t. skörunar milli málaflokka | 208 |

## Úrskurðir – skipting eftir tegund úrskurðar, fjölda heimila og fjölda barna

| | Fjöldi heimila | | Fjöldi barna | |
|---|---|---|---|---|
| Tegund úrskurðar | 2007 | 2008 | 2007 | 2008 |
| Vistun barns utan heimilis í allt að tvo mánuði (skv. 27.gr. bvl.) | 16 | 17 | 18 | 19 |
| Úrskurður dómstóls um vistun barns utan heimilis í allt að 12 mánuði (skv. 28. gr. bvl.) | 3 | 9 | 5 | 11 |
| Úrskurðað um umgengni vegna barns í fóstri (skv. 74. gr. bvl.) | 9 | 12 | 10 | 14 |
| Úrskurðað um endurskoðun fóstursamnings (skv. 77. gr. bvl.) | 2 | 0 | 2 | 0 |
| Dómur um sviptingu forsjár (skv. 29. gr. bvl.) | 8 | 6 | 11 | 9 |
| Samtals m.t.t. skörunar milli málaflokka | 27 | 31 | 35 | 42 |

Í málum 20 barna var gripið til neyðarráðstöfunar skv. 31. gr. barnaverndarlaga.



# Starfsemi fyrir börn og unglinga

## Sumardvöl í sveit

Sumardvöl í sveit er úrræði þar sem börn dvelja hluta úr sumri á sveitabæjum víðsvegar um landið. Árið 2008 dvöldu 50 börn með milligöngu þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar í sveit.

## Sumardvöl í sveit. Fjöldi barna – skipting eftir tilvísunaraðilum

| Þjónustumiðstöð | Fjöldi barna |
|---|---|
| Vesturbær | 0 |
| Miðborg og Hlíðar | 8 |
| Laugardalur og Háaleiti | 10 |
| Breiðholt | 14 |
| Árbær og Grafarholt | 9 |
| Grafarvogur og Kjalarnes | 9 |
| Heildarfjöldi barna | 50 |

# Vistheimili barna við Laugarásveg 39

Vistheimili barna – Laugarásvegi er úrræði í barnaverndarmálum og geta sjö börn dvalið á heimilinu í senn. Tilvísanir koma frá Barnavernd Reykjavíkur. Greina má vistanirnar eftir orsök þeirra og tilgangi: bráðavistun, greiningar- og kennsluvistun, fósturaðlögun og önnur vistun skv. skilgreindum markmiðum, t.d. meðan beðið er eftir niðurstöðu barnaverndarnefndar eða viðeigandi úrræðum. Helsta markmið vistheimilisins er að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki þeirra með þarfir barnsins í fyrirrúmi.

## Fjöldi barna vistaður á Laugarásvegi 39 – skipting eftir tegund vistunar

| | Fjöldi barna |
|---|---|
| Bráðavistun | 26 |
| Greiningar- og kennsluvistun | 12 |
| Önnur vistun | 3 |
| Fósturaðlögun | 3 |

## Fjöldi barna sem dvaldi á vistheimilinu, meðalaldur og dvalardagar. Samanburður árin 2007 og 2008

| | 2007 | 2008 |
|---|---|---|
| Fjöldi barna | 40 | 38 |
| Meðalaldur | 6,0 | 8,0 |
| Dvalardagar | 1.580 | 1.515 |
| Meðaldvalartími(dagar) | 40 | 40 |
| Nýting | 62% | 59% |

## Laugarásvegur – Greining og ráðgjöf heim

Starfsemin á Laugarásvegi var aukin á árinu með þjónustu sem veitt er inn á heimili fjölskyldna. Greining og ráðgjöf heim er þjónusta við fjölskyldur sem þurfa stuðning og ráðgjöf við uppeldi og umönnun barna sinna. Tilvísanir koma frá Barnavernd Reykjavíkur.

| | Fjöldi barna |
|---|---|
| Fjöldi barna | 15 |
| Meðalaldur | 8,5 |
| Fjöldi daga alls | 1.159 |
| Meðalfjöldi daga á barn | 77 |

# Skammtímavistun á einkaheimilum

Á árinu starfaði einkaheimili sem tók að sér börn í tímabundna vistun með litlum eða engum fyrirvara. Heimilið er með pláss fyrir 6 börn á aldrinum 0 - 18 ára. Hjónin vinna bæði við að taka á móti börnum í skammtímavistun.

Vistun barna á einkaheimili getur verið valmöguleiki í stað vistunar á vistheimili, t.d. þegar um mjög ung börn er að ræða og/eða þegar foreldrar geta ekki haft mikið samband við börnin, t.d. vegna veikinda, fjarveru eða af öðrum ástæðum. Einkaheimili taka að sér börn í tímabundna vistun með litlum eða engum fyrirvara. Gert er ráð fyrir að einkaheimilin taki frekar við börnum sem vistast í samráði/sátt við foreldra, þau treysta sér ekki til að taka við unglingum í neyslu eða með aðra alvarlega hegðunarerfiðleika.

## Skammtímavistun á einkaheimili, fjöldi barna, meðalaldur og dvalardagar – samanburður árin 2007 og 2008

| | 2007 | 2008 |
|---|---|---|
| Fjöldi barna | 14 | 15 |
| Meðalaldur | 8 | 11 |
| Dvalardagar | 803 | 439 |
| Meðaldvalartími | 57 | 29 |

# Fjölskylduheimilið Ásvallagötu 14

Heimilið er faglegt sérúrræði Barnaverndar Reykjavíkur ætlað fjórum börnum, 13–18 ára, til búsetu til lengri eða skemmri tíma. Yfirleitt búa börnin á heimilinu í eitt til fjögur ár. Börnin lúta forsjá kynforeldra sinna eða Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Heimilið er ætlað börnum sem þurfa á varanlegu fóstri að halda en sem ekki hefur tekist að finna viðunandi fósturheimili fyrir. Heimilið er einnig ætlað börnum sem koma úr fóstri þar sem erfiðleikar hafa verið miklir og börnum sem eru í fóstri úti á landi og þurfa sértæka hjálp í skamman tíma, svo sem vegna örorkumats eða vegna umgengni við upprunafjölskyldu. Markmið fjölskylduheimilisins er að vera faglegt sérúrræði í erfiðum barnaverndarmálum, þar sem börnum eru búin traust og örugg uppeldisskilyrði. Markmið með veru þeirra barna sem dvelja á Ásvallagötu eru m.a.

- að aðstoða börnin við að takast á við félagsleg og persónuleg mál
- að skapa börnunum hlýlegt heimili og gera þau að hæfum þátttakendum í leik og starfi
- að veita börnunum umönnun og uppeldi sem hæfir hverju og einu
- að stuðla að jákvæðum samskiptum barnanna við jafnaldra og heimilisfólk

Á árinu dvöldu 5 börn á Ásvallagötu og meðaldur þeirra var 16,2 ár.

# Skammtímaheimilið Hraunbergi 15

Hraunberg 15 er skammtímaúrræði fyrir þrjú ungmenni á aldrinum 13-18 ára sem þurfa tímabundna vistun vegna sérstakra aðstæðna, þá er átt við aðstæður sem eru þannig að ungmennin geta ekki dvalið heima hjá sér, eru að bíða eftir úrræðum á vegum Barnaverndarstofu, Barnaverndar Reykjavíkur, þjónustumiðstöðva eða unnið er að því að þau fari aftur heim. Um tvenns konar vistanir er að ræða, annars vegar skammtímavistun og hins vegar bráðavistun.

Markmið skammtímaheimilisins að Hraunbergi 15 er að tryggja unglingum, sem af einhverjum ástæðum geta ekki dvalið í heimahúsum, traust og örugg uppeldisskilyrði meðan á dvöl stendur.

Stöðugildi í Hraunbergi eru 2,2. Umsjónarmenn heimilisins eru tveir og vinna eina viku í senn. Einn starfsmaður kemur á heimilið að kveldi eftir þörfum. Þau ungmenni sem vistuð eru á skammtímaheimilið þurfa að fylgja þeirri daglegu rútínu sem þau hafa verið í áður s.s skóla, vinnu, tómstundum og öðru félagsstarfi. Ef ungmenni er ekki í skóla eða vinnu þegar það er vistað er það hlutverk vistunaraðila að koma því í viðunandi skólaúrræði eða vinnu sem fyrst. Á árinu dvöldu 16 börn í Hraunbergi og var meðalaldur þeirra 16,1 ár.

# Fjölskylduheimilið Búðagerði 9

Heimilið er ætlað fjórum unglingum á aldrinum 13-18 ára. Æskilegur dvalartími er yfirleitt eitt til fjögur ár. Hjón veita heimilinu forstöðu og búa á staðnum. Skilyrði fyrir búsetu á heimilinu er að unglingurinn sé annaðhvort í skóla eða vinnandi og hafi vilja til að standa sig, neyti hvorki áfengis né annarra vímuefna meðan á dvöl stendur og staðfesti með undirskrift sinni að hann treysti sér til að fara eftir heimilisreglum.

Markmið heimilisins er að vera faglegt sérúrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra og að veita unglingum sem ekki geta búið í heimahúsum traust og örugg uppeldisskilyrði meðan á dvöl þeirra stendur. Nánari markmið og áætlun varðandi dvöl unglings á heimilinu eru gerð í samráði við hann, vistunaraðila, forsjáraðila og starfsmenn heimilisins eftir því sem við á hverju sinni og eru tilgreind í vistunarsamningi sem gerður er við upphaf vistunar.

Við heimilið eru þrjú stöðugildi. Reynt er að hafa andrúmsloftið sem heimilislegast. Lögð er áhersla á gildi þess að sýna ábyrgð, gagnkvæma virðingu og heiðarleika. Leitast er við að efla og bæta samskipti unglinganna við fjölskyldur sínar eftir megni með það að aðalmarkmiði að þau megi komast í sem eðlilegast horf. Er það gert m.a. með því að fyrstu helgina í hverjum mánuði dvelja unglingarnir hjá fjölskyldu sinni. Aðstandendur (fjölskylda og forráðamenn) unglinganna hafa náið samstarf við starfsfólk heimilisins og haldnir eru reglulegir fundir þar sem farið er yfir gang mála. Á árinu dvöldu 5 börn í Búðagerði og meðalaldur þeirra var 15 ár.

## Skammtímavistun í Álfalandi 6

Heimilið er fyrir fötluð börn, 12 ára og yngri. Þar geta dvalið 6 börn í einu, nokkra sólarhringa í senn. Dvölin er ætluð til þess að foreldrar geti hvílst og/eða komist í frí. Börnin sinna sínum daglegu verkefnum eins og þau gera þegar þau eru heima og njóta umönnunar og afþreyingar í Álfalandi.

### Fjöldi barna sem dvaldi í Álfalandi 6, meðalaldur og dvalartími – samanburður árin 2007 og 2008

| | 2007 | 2008 |
|---|---|---|
| Fjöldi barna | 37 | 38 |
| Meðalaldur barna | 8,5 | 7,9 |
| Meðaldvalartími | 58 | 57 |
| Dvalardagar | 2.157 | 2.158 |
| Heildarnýting | 100% | 100% |

## Stuðningsheimili

Velferðarsvið rekur þrjú stuðningsheimili. Á hverju þeirra búa 2 unglingar í fjögurra herbergja íbúð ásamt umsjónarmanni. Ungmenni sem flytja á stuðningsheimili eru á aldrinum 17–20 ára, neyta ekki vímuefna né misnota áfengi og stunda vinnu eða nám. Þau eiga það sameiginlegt að hafa ekki möguleika á að búa heima hjá foreldrum eða forráðamönnum sínum né annars staðar. Þau bera sjálf ábyrgð á að greiða fyrir leigu og framfærslu. Búsetuskilyrði er að vera í námi eða vinnu.

Markmiðið er að ungmennin öðlist á þeim tíma sem þau búa á heimilinu sjálfstæði til að búa ein. Hlutverk heimilanna er að bjóða unglingum, sem þess þurfa, búsetu með stuðningi með það að markmiði að stuðla að aukinni færni þeirra við að taka ábyrgð á daglegu lífi.

Ungmennin þurfa að vera reiðubúin til að nýta sér aðstöðuna sem í boði er á heimilinu. Þau markmið sem vinna þarf að eru sett niður með ráðgjafa og umsjónarmanni. Mikilvægt er að ungmennin vinni markvisst í því að ná settum markmiðum. Ráðgjafi hittir ungmennin reglulega. Ungmennin útskrifast þegar öllum markmiðum hefur verið náð. Lokamarkmiðið er að hafa yfirsýn og getu til að finna nýtt heimili og axla ábyrgð sem fylgir því að sjá um sjálfan sig. Er þó miðað við að dvalartími sé ekki lengri en tvö ár. Árið 2008 bjuggu 6 ungmenni á stuðningsheimilunum.

## Unglingasmiðjur

Starfsemin er sniðin að þörfum 13–18 ára unglinga, sem eru félagslega einangraðir, hafa orðið fyrir einelti, eru óframfærnir/óvirkir, sýna þunglyndis- og kvíðaeinkenni, hafa lítið sjálfstraust, slaka félagsfærni og/eða búa við erfið uppeldisskilyrði. Meginmarkmið starfsins eru að efla sjálfstraust, leita uppbyggilegra lausna, styrkja hópkennd og jákvæð samskipti, kenna virðingu og umburðarlyndi og auka hæfni í félagslegum samskiptum.

### Fjöldi þátttakenda í hópastarfi í unglingasmiðjum – skipting eftir kyni

| Unglingasmiðja | Piltar | Stúlkur | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stígur | 15 | 13 | 28 |
| Tröð | 14 | 9 | 23 |
| Samtals | 29 | 22 | 51 |

### Fjöldi þátttakenda sem útskrifaðist úr unglingasmiðjunum á árinu – skipting eftir kyni

| Unglingasmiðja | Piltar | Stúlkur | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stígur | 8 | 6 | 14 |
| Tröð | 4 | 4 | 8 |
| Samtals | 12 | 10 | 22 |

# Félagsstarf

Starfræktar eru 16 félagsmiðstöðvar víðsvegar um borgina, sem eru opnar Reykvíkingum á öllum aldri. Markmið félagsstarfsins er að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á opið félags- og tómstundastarf auk fjölda námskeiða. Félagsstarfið er vettvangur samfunda, mannlegra samskipta og skapandi athafna. Leitast er við að virkja frumkvæði og hæfileika hvers og eins. Hádegisverður er í boði á öllum þessum stöðvum og aðstoð við böðun. Einnig er boðið upp á hársnyrtingu og fótaaðgerðir.

## Fjöldi þátttakenda í opnu félags- og tómstundastarfi – skipting eftir félagsmiðstöðvum

| Félagsmiðstöð | Opin vinnustofa s.s. handav., smíðar | Námskeið | Íþróttir |
|---|---|---|---|
| Aflagrandi 40 | 82 | 81 | 13 |
| Árskógar | 111 | 12 | 24 |
| Bólstaðarhlíð 43 | 23 | 50 | 26 |
| Dalbraut 27 | 44 | 5 | 5 |
| Furugerði 1 | 25 | 1 | 16 |
| Hraunbær 105 | 29 | 40 | 19 |
| Hvassaleiti 56-58 | 101 | 20 | 80 |
| Hæðargarður 31 | 52 | 83 | 32 |
| Langahlíð 3 | 22 | 26 | 31 |
| Lindargata 59 | 51 | 53 | |
| Norðurbrún 1 | 46 | 44 | 10 |
| Sléttuvegur 11 | 10 | | 13 |
| Vesturgata 7 | 45 | 87 | 20 |
| Samtals | 641 | 502 | 289 |

Hlutfall 66 ára og yngri er 9%.

Að auki fer félagsstarf fram á Dalbraut 18–20, í Seljahlíð við Hjallasel og við Þórðarsveig í Grafarholti, en ekki er gerð samskonar talning á þeim stöðum. Í töflunni hér að ofan eru einungis taldir þeir sem taka þátt í félagsstarfi þar sem fram fer skráning. Ótalinn er allur sá fjöldi sem kemur til að spila á spil, fara í ferðalög, í göngur, taka þátt í leshópum eða leiklistarstarfi, fá sér kaffi og með því, hlusta á fréttir og spjalla, svo dæmi séu nefnd. Á öllum þessum stöðvum er það sammerkt að væri fjöldi heimsókna/mætinga talinn þá skiptu þær þúsundum á hverri stöð.



# Stuðningur við fólk í heimahúsum

Veittur er ýmiss konar stuðningur og aðstoð sem miðar að því að fólk geti dvalið sem lengst á eigin heimili. Um er að ræða félagslega heimaþjónustu, stuðning í formi dagvistunar, hvíldarvistunar, heimsendingar á mat, tilsjónar, liðveislu og skammtímadvalar hjá stuðningsfjölskyldum.

## Félagsleg heimaþjónusta

Fólk sem býr í heimahúsum og getur ekki annast heimilishald eða persónulega umhirðu hjálparlaust getur fengið félagslega heimaþjónustu. Markmið hennar er að gera fólki kleift að búa á eigin heimili þrátt fyrir erfiðleika, svo sem veikindi, álag, fötlun eða fjölskylduvanda. Þjónustan er margbreytileg og sniðin að þörfum hvers og eins. Starfsfólk í heimaþjónustu annast m.a. almenn heimilisstörf, s.s. heimilisþrif og þvotta, leitast við að mæta persónulegum þörfum og eru félagslegur stuðningur, hvatning og samvera mikilvægir þættir í starfinu.

### Fjöldi heimila alls sem fékk heimaþjónustu 2008 – skipt eftir þjónustumiðstöðvum og aldri notenda

| Þjónustumiðstöð | Yngri en 67ára | 67 ára og eldri | Samtals |
|---|---|---|---|
| Vesturbær | 96 | 339 | 435 |
| Miðborg og Hlíðar | 107 | 562 | 669 |
| Laugardalur og Háaleiti | 361 | 1.211 | 1.572 |
| Breiðholt | 177 | 305 | 482 |
| Árbær og Grafarholt | 94 | 166 | 260 |
| Grafarvogur og Kjalarnes | 125 | 179 | 304 |
| Seljahlíð | 0 | 58 | 58 |
| Samtals | 960 | 2.820 | 3.780 |

### Kvöld- og helgarþjónusta 2008 – skipt eftir þjónustumiðstöðvum og aldri notenda

| Þjónustumiðstöð | Yngri en 67ára | 67 ára og eldri | Samtals |
|---|---|---|---|
| Vesturbær | 2 | 51 | 53 |
| Miðborg og Hlíðar | 7 | 98 | 105 |
| Laugardalur og Háaleiti | 39 | 178 | 217 |
| Breiðholt | 8 | 43 | 51 |
| Árbær og Grafarholt | 7 | 22 | 29 |
| Grafarvogur og Kjalarnes | 12 | 8 | 20 |
| Samtals | 75 | 400 | 475 |

# Matarþjónusta

Matarþjónusta er með tvennum hætti. Annars vegar er hádegisverður seldur í félagsmiðstöðvunum, hins vegar er matur sendur heim. Framleiðslueldhús eru fjögur, á Dalbraut 21 - 27, Droplaugarstöðum, Lindargötu 59 og Seljahlíð við Hjallasel.

## Fjöldi matargesta á félagsmiðstöðvum – skipting eftir stöðvum

| Félagsmiðstöð | Fjöldi |
|---|---|
| Aflagrandi 40 | 78 |
| Árskógar | 134 |
| Bólstaðarhlíð 43 | 41 |
| Dalbraut 27 | 141 |
| Furugerði 1 | 73 |
| Hraunbær 105 | 65 |
| Hvassaleiti 56-58 | 43 |
| Hæðargarður 31 | 106 |
| Langahlíð 3 | 52 |
| Norðurbrún 1 | 67 |
| Sléttuvegur 11 | 32 |
| Vesturgata 7 | 48 |
| Samtals | 880 |

Hlutfall 66 ára og yngri er 9%.

Á Lindargötu 59 eru að meðaltali 185 matargestir á dag og fjöldi seldra máltíða á árinu var 67.591.

## Heimsendur matur

Þeir sem geta ekki annast matseld sjálfir og sjá sér ekki fært að borða í næstu félagsmiðstöð eiga kost á að fá heimsendan mat.

## Heimsendur matur

| Fjöldi einstaklinga | 1.141 |
|---|---|
| Fjöldi máltíða | 123.285 |

Hlutfall 66 ára og yngri var 15%, en var 13% árið 2007 og 12% árið 2006.

## Fjöldi heimila sem fær heimsendan mat – skipting eftir þjónustumiðstöðvum og aldri notenda

| Þjónustumiðstöð | 66 ára og yngri | 67 ára og eldri | Samtals |
|---|---|---|---|
| Vesturbær | 32 | 146 | 178 |
| Miðborg og Hlíðar | 24 | 197 | 221 |
| Laugardalur og Háaleiti | 66 | 384 | 450 |
| Breiðholt | 28 | 155 | 183 |
| Árbær og Grafarholt | 13 | 50 | 63 |
| Grafarvogur og Kjalarnes | 10 | 36 | 46 |
| Samtals | 173 | 968 | 1.141 |



# Akstursþjónusta eldri borgara

Akstursþjónusta eldri borgara er fyrir þá íbúa Reykjavíkur sem eru 67 ára eða eldri, búa sjálfstætt og eru ófærir um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar og hafa ekki aðgang að eigin farartæki. Markmið með þjónustunni er að gera eldri borgurum í Reykjavík kleift að búa lengur heima. Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar meta umsóknir um akstursþjónustu með hliðsjón af gildandi reglum og möguleikum umsækjanda til að nýta sér almenningssamgöngur og/eða aðra ferðamöguleika. Ferðaþjónusta fatlaðra í Reykjavík sér um framkvæmd þjónustunnar í nánu samstarfi við Strætó bs.

### Akstursþjónusta aldraðra – fjöldi umsækjenda á árinu – skipting eftir þjónustumiðstöðvum

| Þjónustumiðstöð | Fjöldi umsækjenda* |
|---|---|
| Vesturbær | 105 |
| Miðborg og Hlíðar | 198 |
| Laugardalur og Háaleiti | 442 |
| Breiðholt | 107 |
| Árbær og Grafarholt | 55 |
| Grafarvogur og Kjalarnes | 50 |
| Samtals | 957 |

*Þar með talið endurmat á þjónustuþörf.

### Akstursþjónusta aldraðra – fjöldi notenda og fjöldi ferða í desember – skipting eftir þjónustumiðstöðvum

| Þjónustumiðstöð | Fjöldi notenda | Fjöldi ferða | Meðalfjöldi ferða |
|---|---|---|---|
| Vesturbær | 59 | 388 | 7 |
| Miðborg og Hlíðar | 102 | 768 | 8 |
| Laugardalur og Háaleiti | 208 | 1.427 | 7 |
| Breiðholt | 55 | 473 | 9 |
| Árbær og Grafarholt | 30 | 215 | 7 |
| Grafarvogur og Kjalarnes | 24 | 181 | 8 |
| Samtals | 478 | 3.452 | 7 |

### Akstursþjónusta aldraðra – fjöldi notenda í desember – skipting eftir þjónustumiðstöðvum og aldri

| Þjónustumiðstöð | 67-79 ára | 80-89 ára | 90+ ára | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Vesturbær | 24 | 30 | 5 | 59 |
| Miðborg og Hlíðar | 35 | 63 | 4 | 102 |
| Laugardalur og Háaleiti | 59 | 133 | 16 | 208 |
| Breiðholt | 22 | 32 | 1 | 55 |
| Árbær og Grafarholt | 19 | 11 | 0 | 30 |
| Grafarvogur og Kjalarnes | 13 | 9 | 2 | 24 |
| Samtals | 172 | 278 | 28 | 478 |

# Ferðaþjónusta fatlaðra

Ferðaþjónusta fatlaðra er fyrir þá íbúa Reykjavíkur sem eru hjólastólanotendur, blindir, geta ekki notað önnur farartæki eða eru ófærir um að nota almenningsvagnaþjónustu vegna annarrar langvarandi fötlunar og hafa ekki aðgang að eigin farartæki. Markmið þjónustunnar er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda. Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar meta umsóknir um ferðaþjónustu fatlaðra með hliðsjón af gildandi reglum og möguleikum umsækjanda til að nýta sér almenningssamgöngur og/eða aðra ferðamöguleika. Ferðaþjónusta fatlaðra í Reykjavík sér um framkvæmd þjónustunnar í nánu samstarfi við Strætó bs.

### Ferðaþjónusta fatlaðra – fjöldi umsækjenda á árinu – skipting eftir þjónustumiðstöðvum

| Þjónustumiðstöð | Fjöldi umsækjenda* |
|---|---|
| Vesturbær | 15 |
| Miðborg og Hlíðar | 19 |
| Laugardalur og Háaleiti | 45 |
| Breiðholt | 48 |
| Árbær og Grafarholt | 22 |
| Grafarvogur og Kjalarnes | 35 |
| Samtals | 184 |

*Þar með talið endurmat á þjónustuþörf.

## Ferðaþjónusta fatlaðra – fjöldi notenda og fjöldi ferða í desember – skipting eftir þjónustumiðstöðvum

| Þjónustumiðstöð | Fjöldi notenda | Fjöldi ferða | Meðal-fjöldi ferða |
|---|---|---|---|
| Vesturbær | 46 | 785 | 17 |
| Miðborg og Hlíðar | 82 | 1.604 | 20 |
| Laugardalur og Háaleiti | 246 | 4.754 | 19 |
| Breiðholt | 124 | 2.726 | 22 |
| Árbær og Grafarholt | 52 | 1.027 | 20 |
| Grafarvogur og Kjalarnes | 137 | 3.136 | 23 |
| Samtals | 687 | 14.032 | 20 |

## Ferðaþjónusta fatlaðra – fjöldi notenda – skipting eftir þjónustumiðstöðvum og aldri

| Þjónustumiðstöð | Yngri en 18 ára | 18-29 ára | 30-66 ára | 67-79 ára | 80 ára og eldri | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vesturbær | 2 | 6 | 22 | 9 | 7 | 46 |
| Miðborg og Hlíðar | 3 | 12 | 40 | 13 | 14 | 82 |
| Laugardalur og Háaleiti | 7 | 37 | 131 | 34 | 37 | 246 |
| Breiðholt | 13 | 12 | 68 | 24 | 7 | 124 |
| Árbær og Grafarholt | 10 | 2 | 31 | 7 | 2 | 52 |
| Grafarvogur og Kjalarnes | 23 | 28 | 62 | 10 | 14 | 137 |
| Samtals | 58 | 97 | 354 | 97 | 81 | 687 |



# Liðveisla við fatlaða

Liðveisla er persónulegur stuðningur sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð við að njóta félags- og menningarlífs. Auk einstaklingsliðveislu voru starfandi liðveisluhópar.

## Fjöldi sem fékk liðveislu, fjöldi liðveislutíma og biðlisti – skipting eftir þjónustumiðstöðvum og aldri notenda

| Þjónustumiðstöð | | Yngri en 18 ára | 18 ára og eldri | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Vesturbær | Fjöldi notenda | 3 | 11 | 14 |
| | Fjöldi tíma | 164 | 1.842 | 2.006 |
| | Biðlisti í lok árs | 1 | 8 | 9 |
| Miðborg og Hlíðar | Fjöldi notenda | 15 | 25 | 40 |
| | Fjöldi tíma | 1.218 | 2.707 | 3.925 |
| | Biðlisti í lok árs | 10 | 14 | 24 |
| Laugardalur og Háaleiti* | Fjöldi notenda | 49 | 122 | 171 |
| | Fjöldi tíma | 4.424 | 9.663 | 14.087 |
| | Biðlisti í lok árs | 2 | 9 | 11 |
| Breiðholt** | Fjöldi notenda | 19 | 22 | 41 |
| | Fjöldi tíma | 2.029 | 1.729 | 3.758 |
| | Biðlisti í lok árs | 27 | 14 | 41 |
| Árbær og Grafarholt | Fjöldi notenda | 12 | 8 | 20 |
| | Fjöldi tíma | 1.077 | 453 | 1.530 |
| | Biðlisti í lok árs | 3 | 1 | 4 |
| Grafarvogur og Kjalarnes | Fjöldi notenda | 36 | 31 | 67 |
| | Fjöldi tíma | 2.195 | 2.923 | 5.118 |
| | Biðlisti í lok árs | 13 | 10 | 23 |
| Samtals | Fjöldi notenda | 134 | 214 | 348 |
| | Fjöldi tíma | 11.107 | 19.317 | 30.424 |
| | Biðlisti í lok árs | 56 | 56 | 112 |

*Þar af frekari liðveisla 15 notendur, 602 stundir.
**Breiðholt annast umsýslu vegna Barnaverndar Reykjavíkur.

# Tilsjónarmenn og persónulegir ráðgjafar

Persónulegur ráðgjafi tekur að sér stuðningshlutverk við barn eða ungling. Tilsjónarmaður er foreldrum/fjölskyldum til stuðnings.

## Fjöldi einstaklinga / fjölskyldna sem fær tilsjón / persónulegan ráðgjafa, tímafjöldi og biðlisti í árslok – skipting eftir þjónustumiðstöðvum

| Þjónustumiðstöð | | Yngri en 18 ára | 18 ára og eldri | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Vesturbær | Fjöldi notenda | 9 | 2 | 11 |
| | Fjöldi tíma | 516 | 274 | 790 |
| | Biðlisti í lok árs | 4 | 0 | 4 |
| Miðborg og Hlíðar | Fjöldi notenda | 2 | 4 | 6 |
| | Fjöldi tíma | 249 | 919 | 1.168 |
| | Biðlisti í lok árs | 5 | 3 | 8 |
| Laugardalur og Háaleiti | Fjöldi notenda | 9 | 6 | 15 |
| | Fjöldi tíma | 562 | 290 | 852 |
| | Biðlisti í lok árs | 0 | 2 | 2 |
| Breiðholt | Fjöldi notenda | 43 | 7 | 50 |
| | Fjöldi tíma | 5.132 | 534 | 5.666 |
| | Biðlisti í lok árs | 41 | 6 | 47 |
| Árbær og Grafarholt | Fjöldi notenda | 5 | 4 | 9 |
| | Fjöldi tíma | 233 | 835 | 1.068 |
| | Biðlisti í lok árs | 5 | 0 | 5 |
| Grafarvogur og Kjalarnes | Fjöldi notenda | 15 | 3 | 18 |
| | Fjöldi tíma | 828 | 240 | 1.068 |
| | Biðlisti í lok árs | 7 | 2 | 9 |
| Samtals | Fjöldi notenda | 82 | 26 | 108 |
| | Fjöldi tíma | 7.520 | 3.092 | 10.612 |
| | Biðlisti í lok árs | 62 | 13 | 75 |

*Breiðholt annast umsýslu vegna Barnaverndar Reykjavíkur.

## Stuðningsfjölskyldur

Hjá Reykjavíkurborg er þjónusta í formi stuðningsfjölskyldna veitt á grundvelli d. liðar 24. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 11. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Stuðningsfjölskyldur taka börn til dvalar á heimilum sínum reglubundið, oft eina eða tvær helgar í mánuði. Markmiðið er tvíþætt: annars vegar að hvíla foreldra, sem í flestum tilfellum eru einstæðir og njóta ekki stuðnings við uppeldið. Hins vegar að veita börnunum tilbreytingu, auka þekkingu þeirra og taka markvisst á hegðunar- og tilfinningalegum þáttum í fari þeirra. Á árinu störfuðu 108 stuðningsfjölskyldur, samanborið við 109 stuðningsfjölskyldur árið 2007.

### Fjöldi barna í tengslum við stuðningsfjölskyldu og fjöldi barna á biðlista í lok árs – skipting eftir þjónustumiðstöðvum

| Þjónustumiðstöð | Fjöldi barna | Biðlisti í lok árs |
|---|---|---|
| Vesturbær | 14 | 4 |
| Miðborg og Hlíðar | 7 | 4 |
| Laugardalur og Háaleiti | 29 | 14 |
| Breiðholt | 75 | 44 |
| Árbær og Grafarholt | 15 | 8 |
| Grafarvogur og Kjalarnes | 23 | 5 |
| Samtals | 163 | 79 |

*Breiðholt annast umsýslu vegna Barnaverndar Reykjavíkur.

## Stuðningurinn heim – uppeldisráðgjöf

Stuðningurinn heim – uppeldisráðgjöf er þjónusta til foreldra sem þurfa tímabundið stuðning og ráðgjöf við uppeldi og umönnun barna sinna. Stuðningurinn er veittur á heimili fjölskyldunnar. Á árinu fengu 82 fjölskyldur 126 barna stuðning, samanborið við 112 fjölskyldur með 201 barn árið 2007.

## Dagvist fyrir aldraða

Dagvist er stuðningsúrræði fyrir aldraða sem búa í heimahúsum. Markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun og stuðla að því að þeir geti búið lengur heima. Í dagvist er boðið upp á tómstundaiðju, léttar leikfimisæfingar, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Gestir dagvistar eru sóttir að morgni og ekið heim síðdegis. Dvalartími getur verið frá einum upp í fimm daga í viku. Dagvist er rekin á daggjöldum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og með greiðsluþátttöku gesta. Dagvist fyrir aldraða sem Reykjavíkurborg rekur er á tveimur stöðum í borginni, í Þorraseli á Þorragötu 7 og á Lindargötu.

### Þorrasel

Dagvistin við Þorrasel er fyrir einstaklinga sem þurfa félagsskap, hvatningu, eftirlit og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Í Þorraseli er pláss fyrir 40 einstaklinga í senn. Fjöldi gesta á árinu var 78 og meðalaldur þeirra 81 ár.

### Lindargata

Dagvistin á Lindargötu er skilgreind sem hjúkrunardagvist en þangað koma einstaklingar sem greindir hafa verið með minnissjúkdóma af völdum heilabilunar. Pláss er fyrir 18 einstaklinga í senn. Fjöldi gesta á árinu var 25 og meðalaldur þeirra 82 ár.

# Fjármál

## Heildarrekstrargjöld Reykjavíkurborgar og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar – Samanburður sl. 5 ár

| Ár | Reykjavíkurborg millj. kr. | Félagsþj. / Velferðarsvið millj. kr. | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| 2004 | 35.221 | 5.488 | 15,58% |
| 2005 | 39.903 | 5.152 [1)] | 12,91% |
| 2006 | 48.348 | 6.076 | 12,57% |
| 2007 | 46.696 | 6.762 [2)] | 14,48% |
| 2008 | 51.681 | 7.657 | 14,82% |

1) Velferðarsvið tók til starfa 1.6.2005.
2) Miðborgarmál og hverfisráð eru ekki meðtalin – voru flokkuð með Þjónustu- og rekstrarsviði.

## Skipting rekstrarútgjalda Velferðarsviðs í þúsundum króna

| | Tekjur | Laun og launa-tengd gjöld | Annar rekstrar-kostn-aður | Rekstrar niður-staða | ESK. áætlun tímabils | Frávik tímabils | Hlutfall af ESK. áætlun tímabils |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Aðalskrifstofa, nefndir og ráð | -4.221 | 180.576 | 82.957 | 259.312 | 255.855 | -3.457 | -1% |
| Úrræði – Aðalskrifstofa | -287.614 | 302.140 | 1.454.190 | 1.468.715 | 1.572.954 | 104.239 | 7% |
| Hjúkrunarheimili | -800.825 | 676.892 | 337.519 | 213.585 | 2.007 | -211.578 | |
| Barnavernd Reykjavíkur | 0 | 259.169 | 261.210 | 520.379 | 519.505 | -874 | 0% |
| Fjárhagsaðstoð til framfærslu og átaksverkefni | -5.310 | 3.034 | 806.798 | 804.522 | 757.536 | -46.986 | -6% |
| Húsaleigubætur og framlag til Félagsbústaða | -662.480 | 0 | 1.810.935 | 1.148.455 | 1.136.715 | -11.740 | -1% |
| Önnur gjöld | 0 | 8.373 | 94.302 | 102.675 | 175.813 | 73.138 | 42% |
| Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts | -13.124 | 169.913 | 98.073 | 254.861 | 241.110 | -13.751 | -6% |
| Þjónustumiðstöð Breiðholts | -19.826 | 400.854 | 180.311 | 561.339 | 595.440 | 34.101 | 6% |
| Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness | -21.314 | 208.937 | 126.307 | 313.931 | 321.637 | 7.706 | 2% |
| Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis | -257.846 | 1.021.984 | 359.212 | 1.123.352 | 1.155.149 | 31.798 | 3% |
| Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða | -171.235 | 561.048 | 391.697 | 781.510 | 814.796 | 33.286 | 4% |
| Þjónustumiðstöð Vesturbæjar | -71.644 | 295.458 | 189.681 | 413.495 | 410.422 | -3.074 | -1% |
| Sameiginlegt vegna þjónustumiðstöðva | 0 | 0 | -308.885 | -308.885 | -303.143 | 5.742 | -2% |
| Velferðarsvið | -2.315.439 | 4.088.378 | 5.884.307 | 7.657.246 | 7.655.796 | -1.450 | 47% |

# Helstu lykiltölur 2007 og 2008

## Helstu lykiltölur 2007 og 2008

| | 2007 | 2008 |
|---|---|---|
| **Félagsleg heimaþjónusta** | | |
| Rekstrarniðurstaða | 846.543 | 909.814 |
| Fjöldi heimila | 3.710 | 3.780 |
| **Fjárhagsaðstoð** | | |
| Rekstrarniðurstaða | 1.024.655 | 1.057.598 |
| Fjöldi heimila | 2.491 | 2.774 |
| **Húsaleigubætur** | | |
| Rekstrarniðurstaða | 394.767 | 455.730 |
| Fjöldi heimila | 5.815 | 6.239 |
| **Sérstakar húsaleigubætur** | | |
| Rekstrarniðurstaða | 105.088 | 94.891 |
| Fjöldi heimila | 647 | 698 |
| **Stoðþjónusta** | | |
| Rekstarniðurstaða vegna liðveislu, tilsjónar og stuðningsfjölskyldna | 137.168 | 168.179 |
| Fjöldi notenda sem fær liðveislu eða tilsjón | 344 | 451 |
| Fjöldi barna í tengslum við stuðningsfjölskyldu | 152 | 163 |
| **Barnavernd Reykjavíkur** | | |
| Fjöldi barnaverndartilkynninga | 3.762 | 3.814 |
| Fjöldi barna (mál til meðferðar) | 2.384 | 2.589 |
| Fjöldi fjölskyldna | 1.901 | 2.089 |
| **Leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða** | | |
| Fjöldi íbúða | 1.748 | 1.826 |
| Fjöldi úthlutana | 175 | 195 |
| Fjöldi á biðlista í árslok | 761 | 888 |
| **Þjónustuíbúðir fyrir aldraða** | | |
| Fjöldi þjónustuíbúða | 342 | 339 |
| Fjöldi úthlutana | 52 | 44 |
| Fjöldi á biðlista í árslok | 368 | 412 |
| **Heimsendur matur** | | |
| Fjöldi notenda | 989 | 1.141 |
| Fjöldi máltíða | 105.636 | 123.285 |
| **Starfsmenn** | | |
| Fjöldi starfsmanna 1. nóvember | 1.204 | 1.239 |
| Fjöldi stöðugilda að meðaltali á mánuði | 865 | 870 |
| Meðalaldur stafsmanna | 45 | 45 |



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Höfðatorgi, Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Sími 4 11 11 11
www.velferdarsvid.is
velferd@reykjavik.is